

30. nóvember 1987

1005

Nr. 530

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 4. desember 1987 til 31. janúar 1988 að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið af 23°42'0 V og að norðan af 64°20'0 N.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. nóvember 1987.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.

4. desember 1987

Nr. 531

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum út af Norðausturlandi.

1. gr.

Frá og með 6. desember 1987 til og með 31. janúar 1988 eru allar rækjuveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands milli 13°V og 15°V. Að sunnan markast svæðið af 67°N.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

B 68